



HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 138/781
komudagur 16.12.2009

Reykjavík, 11.12.2009
Tilv. 23.1
JS/sdk

Málefni: Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða - frístundaveiðar, aukin veiðiskylda ofl., 138. löggj.þing 2009-2010, 174. mál

Vísað er í erindi sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar vegna fram lagðs frumvarps um ofangreint málefni.

Um 1.-4. greinar frumvarps

Ekki eru gerðar neinar athugasemdir við 1. grein frumvarpsins. Þó ekki tengist það efni 1. greinar beint bendir Hafrannsóknastofnunin á mikilvægi þess að við úthlutun heildaraflamarks sé tekið tillit til þess afla sem áætlað er að úthluta til frístundaveiða.

Varðandi 2. gr. a. og b. um fyrirhugaða þrengingu heimilda til flutnings aflamarks á milli fiskveiðiára (í 15% úr 33%) er það til þess fallið að stýra afla hvernar tegundar betur en nú er enda sé ráðherra veitt heimild til að víkja frá meginreglunni ef nauðsyn ber. Varðandi 2 gr. c. skal aðeins lögð áhersla á mikilvægi þess að við ákvörðun heildaraflamarks sé tekið mið af áætluðum afla fengnum með línuviltun svo sá affli bætist ekki ofan á það magn sem að var stefnt og ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar hljóðar. Varðandi d.-lið 2. gr. þá skal bent á það að ástand fiskisins (t.d. fituinnihald og áta í mögum) getur valdið því að hann sé ekki gott hráefni til vinnslu og því gæti framkvæmd orðið flókin ef tímabilin sem vinnsluskyldan miðast við eru stutt.

Um tillögu að breytingu sem sett er fram í 3. gr. a. frumvarps um aukna veiðiskyldu, telur stofnunin þetta geta dregið úr óæskilegri tengundatilfærslu þó hæfilegur sveigjanleiki þar á sé æskilegur. Ekki eru fleiri athugasemdir við síðari liði 3. greinar eða 4. greinar frumvarpsins.

Um ákvæði til bráðabirgða

Um I. ákvæði til bráðabirgða skal tekið fram að Hafrannsóknastofnunin veitir ráðgjöf um ósvæðisbundinn hámarksafla í skötuselsveiðum við landið og telur að heimildir verulega umfram það sem ráðlagt er, muni stuðla að því að ekki náist hámarksafurtekstur úr stofninum. Stofnunin telur því mikilvægt að 2000 tonna heimild til afla umfram þau 2500 tonn sem nú er útgefið aflamark fiskveiðiársins 2009/2010, verði notuð með varhug. Jafnframt er mikilvægt

Heimilisfang:

Skúlagötu 4
Pósthólf 1390
121 Reykjavík

Sími:

575-2000

Póstfax:

575-2001

Heimasíða:

www.hafro.is

Tölvupóstfang:

hafro@hafro.is

HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

að við úthlutun heildaraflamarks komandi fiskveiðiára verði tillit tekið til þess umframafla skötusels sem ætlunin er að úthluta. Auk þess er mikilvægt að vel sé hugað að afleiðingum þessa ákvæðis á annan afla, þ.e. ef veiðarnar leiða til óæskilegs meðafla af nokkru tagi.

Varðandi ráðstöfun tekna af aflaheimildum væri eðlilegt að hluti þeirra rynni til rannsókna á ástandi og veiðipoli stofnsins.

II. ákvæði til bráðabirgða um skiptingu leyfilegs heildarafla í karfa er til samræmis við tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar undanfarin ár sem og niðurstöðu nefndar sem sem skilaði tillögum til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í desember 2008 og fulltrúar Hafrannsóknastofnunarinnar áttu sæti í.

Engar athugasemdir eru við III. og IV. ákvæði til bráðabirgða.

F.h. Hafrannsóknastofnunarinnar,



Jóhann Sigurjónsson